



## Þróa nýtt hagfræðilíkan fyrir heiminn

Fyrsti fundur aðstandenda alþjóðlegs rannsóknaverkefnis, sem miðar að því að þróa nýtt hagfræðilíkan fyrir heiminn og þjálfa nýja kynslóð vísindamanna í sjálfbærni-rannsóknum, var haldinn í Háskóla Íslands dagana 14. og 15. desember.

Verkefnið ber heitið Aðlögun að nýjum hagfræðiraunveruleika ([AdaptEcon](#)) og er ætlun vísindamanna sem að því standa að þróa nýtt hagfræðilíkan sem byggt er á sjálfbærri nýtingu á náttúruauðlindum í heiminum. [Meira ...](#)



## Jólalegasta skrifstofan valin

Félagsvísindasvið fékk fulltrúa frá Markaðs- og Samskiptasviði HÍ til þess að taka að sér að velja jólalegasta rýmið á skrifstofum sviðsins. Mikið kapp hafði greinilega hlaupið í starfsfólk og leyndi sér hvergi hvaða hátíð fer í hönd. Sumir höfðu tekið þetta alla leið, skryddust skemmtilegum jólapeysum og dómnefnd var hvarvetna boðið upp á jólalegar veitingar.

Úr vöndu var að ráða. Vel var tekið á móti dómurinum þremur sem áttu í ærnum vanda við að velja á milli listilegra skreytinga. Eftir vandlega íhugun dómnefndar urðu úrslitin eftirfarandi: [Meira ...](#)



## Rannsaka hvernig veita á börnum sem besta heilsugæslu

Alþjóðlegur hópur fræðimanna og sérfræðinga hefur nýverið hleypt af stokkunum samstarfsverkefni þar sem markmiðið er að koma með tillögur um á hvern hátt hægt sé að veita börnum og fjölskyldum sem besta heilbrigðisþjónustu sem styður við almenna heilsu, vellíðan og þroska þeirra. Að verkefninu koma þrír íslenskir fræðimenn. Ætlunin er að skoða heilbrigðisþjónustu fyrir börn í 30 löndum innan Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins. Rannsóknarverkefnið hefur fengið nafnið MOCHA sem er skammstöfun á ensku heiti þess, Models of Child Health Appraised. [Meira ...](#)



## Andstæðingar sammála um sanngirni stjórnmalakerfisins

Íslenskir kjósendur sem hafa allháa öryggisþörf og staðsetja sig lengst til vinstri og hægri í pólitík eru líklegri heldur en aðrir til þess að telja stjórnmalakerfið sanngjart. Þetta sýna niðurstöður nýrrar rannsóknar Huldu Þórisdóttur, lektors við Stjórnmalafraeðideild Háskóla Íslands, og Evu Heiðu Önnudóttur, nýdoktors við sömu deild, en greint er frá henni í nýjasta hefti tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýslu. Hulda og Eva kynna niðurstöður rannsóknarinnar í afmælis- og útgáfubóði tímaritsins fimmtudaginn 17. [Meira ...](#)



## Doktorsvörn í félagsfræði; Ásta Snorradóttir

Ásta Snorradóttir varði doktorsritgerð sína í félagsfræði.

*Hrunið - Heilsa og líðan starfsfólks íslenskra banka í kjölfar bankahruns (Hrunið - The health and well-being of bank employees in Iceland following the collapse of their workplace during an economic recession).*

Andmælendur voru dr. Arne Kalleberg, prófessor við Háskólann í Norður Karólínu, Chapel Hill og dr. Meira ...



## Ásgeir Brynjar verðlaunaður fyrir doktorsritgerð sína

Ásgeir Brynjar Torfason, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, fékk á dögum verðlaun Företagseconomiska Institutet í Svíþjóð fyrir bestu doktorsritgerð á sviði viðskipta- og rekstrarhagfræði. Verðlaununum deilir hann með Sven-Olof Junker sem lauk doktorsverkefni frá Viðskiptaháskólanum í Stokkhólmi.

Ásgeir Brynjar lauk doktorprófi frá Gautaborgarháskóla árið 2014 og var yfirskrift doktorsverkefnisins „Cash flow accounting in banks“. Meira ...



## Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki verðlaunaður

Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er eitt tíu verkefna sem fá gæðaviðurkenningu menntaáætlunar Evrópusambandsins í ár. Viðurkenningarnar voru afhentar við hátíðlega athöfn í Ásmundarsafni þann 10. desember.

Verkefnið tíu sem hlutu viðurkenningarnar eiga það sammerkt að hafa hlotið styrk frá menntaáætlun ESB og fékk Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki styrk í gegnum svokallaða Erasmus+ áætlun. Meira ...



## Ný bók í ritstjórn Rannveigar, Snæfríðar Þóru og fleiri

Nýlega kom út bókinn *Childhood and Disability in the Nordic Countries: Being, Becoming, Belonging*. Ritstjórar eru Rannveig Traustadóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, Borgunn Ytterhus, Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild og Berit Berg. Í bókina rita 17 leiðandi fræðimenn frá öllum Norðurlöndum.

Meira ...

## Viðburðir framundan

08. jan - 14:00

[Móttaka nýnema í grunn- og framhaldsnámi á Félagsvísindasviði](#)

05. mar - 12:00

[Háskóladagurinn 2016 - Opið hús í Háskóla Íslands](#)